

**Nr. 166 / 13 Þórir SF 77*****Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2731 IMO nr. 9395903  
 Smíðaður: Taiwan 2009, stál  
 Stærð: 383,2 bt.  
 Mesta lengd: 28,88 m Skráð lengd: 26,3 m  
 Breidd: 9,2 m Dýpt: 6,8 m  
 Vél: Mitsubishi 523 kW, 2006  
 Fjöldi skipverja: 10



Þórir©Guðmundur St. Valdimarsson

**Gögn:**  
 Gögn frá skipi  
 Gögn RNS


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. september 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 4. desember 2013 var Þórir SF 77 á togveiðum á SA miðum. Veður: SV 8-10 m/s.

Verið var að láta trollið fara og einn skipverja kom belgstroffunum í byssukrókinn til að draga pokana út. Hann hélt undir krókinn (*sjá mynd*) svo stroffurnar féllu ekki úr honum eða hann kræktist ekki niður í riðilinn á meðan verið var að taka slakann af gilsinum. Þegar strekktist í kom sláttur á krókinn til hliðar og hann slengdist í þilið aftan við skipverjann og urðu fingur hægri handar á milli svo sprakk fyrir á löngutöng og hún brotnaði.



Haldið var þegar til hafnar og bað skipstjóri um aðstoð björgunarbáts við að flytja slasaða áleiðis á sjúkrahús. Björgunarskipið Ingibjörg kom slasaða til Hafnar.

***Við rannsókn kom fram:***

- að krókurinn er af venjulegri byssukróka gerð með nær 100° beygðum hnakka þar sem byssugikkurinn (úrlosunarband) er festur í. Sökum gerðar króksins er hætta á að hann krækist í netariðilinn sé honum sleppt niður á trollþilfarið áður

en strekkist í gilsinn. Það á einnig við um það sem í hann er sett en það vill falla úr honum áður en strekkist í að sögn spilmanns;

- að verið var að láta tvö troll fara en hvort fyrir sig hefur tvo poka og koma belgstroffurnar því fjórar neðst úr belgnum;
- að slasaði hafði einu sinni áður krækt í belgstroffurnar og þá hafði ein þeirra dottið úr króknum og vildi hann tryggja að svo færi ekki aftur. Hann taldi afar hratt hafi verið hífð í gilsinn þegar verið var að taka slakann af og hann hafi því ekki áttað sig á því fyrir en krókurinn slengdist í þilið;
- að slasaði var í afleysingum í öðrum túr á skipinu og sagðist hann hafa fengið leiðbeiningar við verklag sem haft var við á skipinu. Það var ekki eins og hann átti að venjast frá skipi sem hann hafi verið á áður og fylgdist hann því vel með vinnulagi skipverja;
- að spilmaður sagði að hann hafi byrjað að hífa eins og venjulega en ekki á miklum hraða. Hann hafði litið aftur á blökkina til að fullvissa sig um að það væri í lagi með hana eins og hann var vanur.

### *Nefndarálit:*

Orsök slyssins má rekja til þess að menn hafa ekki gert viðeigandi ráðstafanir til að auka öryggi skipverja við þessa vinnu með því að skipta út byssukróknum fyrir lokaðan sleppikrók líkt og víða hefur verið gert.